



Fundargerð

Stjórnarfundur Pyts

Haldinn 28. október 2020 með fjarfundarhugbúnaðinum zoom og hófst 20:00

Fundinn sátu: Árni Árkelsson (ÁÁ), Hulda Stefanía Hólm (HH), Jón Kristinn Þórsson (JK), Markús Pétursson (MP), Ólafur St. Arnarsson (ÓA), Sigurður Ragnar Guðmundsson (SG)

Dagskrá

1. Greiða atkvæði um fundargerðir stjórnarfunda.

Samþykkt

2. Staða mála gagnvart vinnuskólanum og ÍTH

MP er tengiliður félagsins við Vinnuskólann. Hann var að sinna því hlutverki þegar samskiptavandamál komu upp sem sem vísað er til í bréfi frá Vinnuskólanum. Stjórnin samþykkir að lögfræðingur MP svari bréfinu með fyrirvara um fund fyrst með lögfræðingnum, ÓA og HH.

3. ÍBH

Fulltrúarráðsfundur 19. nóvember. MP og HH fara á fundinn.

4. COVID-19

Líkur á hertum aðgerðum fyrir helgi, jafnvel á morgun. HH ætlar að minna formann SÍL um að koma upplýsingum um sóttvarnarfulltrúa inn hjá SÍL og krækju hjá ÍSÍ

<https://isi.is/covid-19/sottvarnarfulltruar-felaga/>

5. Nýja hafnaraðstaðan

Hefja þarf samtalið við bæinn og leita álits sérfræðinga. Leita eftir fjármagni frá bænum. MP, ÁÁ og SG

6. Fjárfestingaráætlun

Samþykkt en með fyrirvara um að reyna ná niður flutningskostnaði á Requero bátunum.

7. Bréf til félagsmanna

Bréf hefur verið sent til félagsmanna um starfsemi félagsins.

8. Flotbyggja

Áætlaður kostnaður við setja rafmagn í skútuflotbyggjuna er um ein milljón samþykkt.

9. Ábendingarformin

Engin

10. Önnur mál

Túlkun sóttvarnarreglugerða var rædd. HH vill túlka það sem óljóst er þannig að auknar sóttvarnir njóti vafans sem aftur þýðir minni íþróttastarfsemi. MP vill túlka það sem óljóst er þannig að markmið félagsins njóti vafans. Aðrir stjórnarmenn raða sér einhversstaðar á miðjuna en þó þannig að HH finnst sínar tillögur um takmarkanir á íþróttastarfi ekki ná fram.



Fundargerð

Stjórnarfundur Þyts

Næsti stjórnarfundur boðaður þegar ný sóttvarnarreglugerð kemur fram.

Fundi slitið klukkan 21:35